



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

10. fundur stjórnar 2025-2026 miðvikudaginn 18. febrúar 2026

kl. 12.00 - 14.00 á Sögu, herbergi 624

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Kári Kristinsson, Rannveig Björk Þorkelsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir og Þröstur Olaf Sigurjónsson.

Forföll: Hermína Gunnþórsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 13. febrúar 2026 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Versnandi aðstæður akademísku starfsfólks.
3. Erindi frá emeritus um styrki Starfsþróunarsjóðs prófessora.
4. Vinnufundur stjórnar 6. mars.
5. Ráðning nýs framkvæmdastjóra.
6. Næsti fundur.
7. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir, formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR), setti fundinn kl. 12.05.

1. Fundargerð 9. stjórnarfundar frá 13. febrúar lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Samþykkt var að afgreiða fundargerðina með tölvupósti.

2. Versnandi aðstæður akademísku starfsfólks.

Sigrún fór yfir stöðuna. Starf prófessora hefur breyst og álag í starfi aukist. Rætt var um skerðingar á kjörum prófessora. Sem dæmi hefur Sáttmálasjóður HÍ ekki verið fjármagnaður undanfarin ár, sem hefur leitt til þess að fleiri sækja um styrki í Starfsþróunarsjóð prófessora. Þá hafa orðið breytingar á fæðisfé og mótuneytismálum hjá HÍ sem þarf að skoða nánar. Samþykkt var að Sigrún ræddi við formann Félags háskólakennara um ofangreind mál.

3. Erindi frá emeritus um styrki Starfsþróunarsjóðs prófessora.

Erindi barst frá prófessor emeritus varðandi styrki úr Starfsþróunarsjóði prófessora. Samkvæmt reglum sjóðsins hafa þeir sem hafa látið af störfum og farið á eftirlaun rétt til að sækja um styrk úr sjóðnum í allt að tvö ár frá starfslokum. Viðkomandi óskar eftir að reglurnar verði rýmkaðar með hliðsjón af því að margir halda áfram rannsóknarstörfum lengur en tvö ár eftir að hafa formlega látið af störfum. Stjórn var sammála um að breyta ekki reglunum.

4. Vinnufundur stjórnar 6. mars 2026.

Farið var yfir hugmyndir að efni vinnufundarins. Halldór Valgeirsson mun kynna starf Greiningarsjóðs háskólafélaganna. Launaþróun prófessora verður skoðuð í samanburði við aðra hópa og farið yfir hvaða gögn Hagstofan hefur sem geta nýst við greiningar, auk annarra gagna. Þá verður rætt um starf félagsins fram að næstu kjarasamningum.

5. Ráðning nýs framkvæmdastjóra.

Eins og fram kom á síðasta fundi mun framkvæmdastjóri láta af störfum 1. ágúst. Rætt var um næstu skref í málinu.

6. Næsti fundur.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 18. mars kl. 12-14 á Sögu.

7. Önnur mál.

a) Fundir með félagsfólki.

Óformlegt spjall stjórnar við félagsfólk hjá HÍ um kjaramál verður þriðjudaginn 3. mars kl. 12 á Sögu. Gert er ráð fyrir að fundargestir fái sér hádegismat í Hámu og ræði málin. Fundir á fleiri sviðum verða auglýstir á næstu vikum.

b) Fjársýslan og ofgreidd laun.

Sigrún upplýsti um stöðu mála á stjórnarfundinum 13. febrúar. Stefnt er að því að senda formlegt erindi til umboðsmanns Alþingis. Samþykkt var að senda bréf til félagsfólks með upplýsingum um stöðu málsins. Til að undirbúa málið verði þau sem telja sig hafa orðið fyrir verulegum óþægindum vegna þess beðin um að hafa samband við félagið. Að því ferli loknu verður tekin ákvörðun um næstu skref.

c) Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.

Tilnefning fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins í Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora barst 17. febrúar sl. Með því er stjórn sjóðsins fullskipuð.

Eftirtaldir fulltrúar skipa stjórn sjóðsins 2026-2029:

- Frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir.
- Frá FPR: Guðný Björk Eydal, aðalmaður, og Zophonías Oddur Jónsson, varamaður.
- Frá samstarfsneti ríkisháskólanna: Guðmundur R. Jónsson, formaður stjórnar sjóðsins.

d) Stofnanasamningar.

Sigrún og Kári vinna að því, að taka saman stofnanasamninga félagsins í eitt heildarskjal með öllum þeim breytingum sem gerðar hafa verið undanfarin ár. Lokadrög að skjalinu verða send lögfræðingi og rektor HÍ til yfirferðar.

e) Málþing Vísindafélags Íslands og FPR.

Málið var tekið fyrir á stjórnarfundum 7. janúar sl. Sigrún og Eyja áttu fund með Rúnari Vilhjálmssyni, formanni Vísindafélagsins, um efni málþingsins. Nokkrar hugmyndir komu fram. Samþykkt var að Sigrún og Rannveig ynnu áfram að málinu.

Önnur mál voru ekki fleiri.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.25.

Fundarritari: LÞ.